

Umsögn frá Rauða Krossinum í Reykjavík – Marín Þórsdóttir

Einstaklingar án kennitölu

Er talað um umsækjendur um alþjóðlega vernd, sá hópur fær útvegað húsnæði frá ÚTL á meðan á umsóknarferli stendur og ætti því ekki að teljast til hóps heimilislausra.

Annar nokkuð fjölmennur hópur eru einstaklingar frá öðrum Evrópulöndum sem hingað koma í leit að atvinnu á grundvelli laga um um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins (nr. 105/2014). Lögin byggja áreglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011, um frjálsa för launafólks innan Sambandsins. Raunin er hins vegar sú að hluti þeirra sem hingað koma á þessum forsendum hafa engar ráðstafanir gert fyrirfram varðandi atvinnu og húsnæði auk þess að hafa litla eða enga fjármuni meðferðis til að fleyta sér í gegnum tímabilið þar til atvinna er í höfn og fram að fyrstu launagreiðslu. Oft er hér um að ræða einstaklinga sem búið hafa við fátækt, verið jaðarsettir og/eða heimilislausir í heimalöndum sínum. Þar sem þessir einstaklingar eru ekki komnir með kennitölu hafa þeir ekki aðgang að neyðargistingu (Gistiskýlinu) hjá Reykjavíkurborgar og neyðast því til að sofa úti. Konukot hefur opnað sín úrræði fyrir þessum hóp þegar pláss leyfir og má þá segja að það halli á karlmenn í þessum hópi. Nauðsynlegt er að bjóða upp á einhvers konar úrræði fyrir karla sem tilheyra þessum hópi, a.m.k. þar til þessir einstaklingar hafa fundið sér vinnu eða ákveða að hverfa aftur til síns heima ef atvinnuleitin ber ekki árangur.

Konukot

Konukot er neyðarathvarf fyrir 12 heimilislausar konur.

Það er opið frá 17:00-10:00 daginn eftir

Rekið af Rauða krossinum í Reykjavík (ekki Reykjavíkurdæld....)

Heimilislaus ungmenni með vímuefnavanda

Rauði krossinn í Reykjavík telur mikilvægt að hugað verði sérstaklega að ungmönnum sem eru nú þegar heimilislaus og ungmönnum sem eru í áhættu á að verða heimilislaus vegna margþætts vanda (vímuefna- og geðvanda og áfallasögu). Heimilislaus ungmenni með vímuefnavanda eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og eru líklegri en eldri einstaklingar til að ofskammta á vímuefnum, að smitast af HIV og lifrabólgu C, að verða fyrir kynferðislegu og líkamlegu ofbeldi, vera notuð af eldri einstaklingum til að sinna afbrotum og að auki er dánartíðni þeirra hærrí (International HIV/AIDS Alliance, án ártals: SÁÁ, 2017).

Aldurshópurinn 18-20 ára, einstaklingar fæddir árið 1998, 1999 og 2000 þrefaldaðist hjá Frú Ragnheiði – skaðaminnkun árið 2018, fór úr 12 einstaklingum árið 2017 í 36 einstaklinga árið 2018. Þetta voru 24 strákar, 9 stúlkur og 1 trans einstaklingur. 33 af þeim voru með lögheimili í Reykjavík og 3 í öðru sveitarfélagi. Allir einstaklingarnir nema 1 áttu langvarandi vímuefnavanda að baki, flestir áttu erfiða áfallasögu að baki, margir erfiða reynslu af einelti í skóla, erfiðar félagslegar aðstæður og öll nema einn hafði verið til meðferðar hjá Barnavernd. Þegar einstaklingarnir leituðu fyrst til Frú Ragnheiðar þá voru þau búin að vera að nota vímuefni í æð frá þremur vikum upp í sex ár. Sú þjónusta sem ungmennhópurinn var að leitast eftir hjá Frú Ragnheiði var að fá hreinan sprautubúnað, fá leiðbeiningar um öruggari sprautunotkun, að komast í heilbrigðisþjónustu eins

skimun fyrir HIV og lifrabólgu C og meðhöndlun á sýkingum og sárum, fá næringu og hlý fót og sálrænan stuðning. Starfsfólk Frú Ragnheiðar lagði mikla áherslu á að veita þessum hópi góða skaðaminnkandi fræðslu til að lágmarka hættuna á ofskömmtun, dauðsföllum og óafturkræfum skaða.

Verkefnastýra Frú Ragnheiðar lagði sérstaka áherslu á að hafa upp á ungmönnum eftir fyrstu komu í bílinn, hitta á þau og skima fyrir áhættu og bjóða þeim auka stuðning. Stuðningurinn fólst meðal annars í því að aðstoða þau við að komast í vímuefna meðferðir, fá tíma hjá heimilislækni, fá viðeigandi geðþjónustu og aðstoða þau við að hitta og komast í samband við félagsráðgjafa. Í samtölum við ungmennin kom í ljós að þau voru í engu eða litlu samstarfi við félagsráðgjafa, höfðu afar misjafna þekkingu á öruggari vímuefnanotkun í æð, nokkur þeirra áttu sögu um að hafa ofskammtað af vímuefnum 1-7 sinnum, nokkur höfðu þurft að sofa úti vegna heimilisleysi, langflest þeirra höfðu aldrei nýtt sér Gistiskýlið eða Konukot og flest þeirra vildu það ekki, jafnframt voru flest þeirra óörugg við að sækja sér viðeigandi þjónustu innan heilbrigðis- og félagslegakerfisins. Í ljósi þessara upplýsinga myndast ákveðið rof í þjónustunni hjá ungmönnum sem hafa verið með mál til meðferðar hjá Barnaverndar þegar þau ná sjálfræðisaldri.

Rauði krossinn í Reykjavík telur mikilvægt að hugað verði að sértækum forvörnum fyrir ungmenni með alvarlegan vímuefnavanda sem eru heimilislaus eða eru í áhættu á að verða heimilislaus. Almennar forvarnir ná ekki til þennan hóp ungmenna og því þarf að sér sníða þjónustuna að félagslegri stöðu hópsins. Rauði krossinn telur nauðsynlegt að byggja þurfi upp sveigjanlegt vettvangsstarf sem starfar á grundvelli skaðaminnkunar til að ná til ungmenna í þessari stöðu og veita þeim einstaklingsbundna þjónustu. Mikilvægt er að starfsfólk í þannig teymi leggi áherslu á að byggja upp trúnaðar- og meðferðarsamband við ungmennin með því að markmiði að greina áhættuþættina í lífi einstaklingsins og veita þeim viðeigandi og gagnreyndan stuðning. Ásamt því að koma í veg fyrir heimilisleysi og langvarandi heimilisleysi. Í ljósi þess vill Rauði krossinn í Reykjavík taka fram að hann hefur sótt um styrk til Forvarnarsjóðs Reykjavíkurborgar um að þróa slíkt vettvangsstarf fyrir 18-20 ára aldurshópinn í gegnum Frú Ragnheiðar verkefnið.

Rauði krossinn í Reykjavík telur mikilvægt að hugað verði að húsnæðisþörfum ungs fólks með vímuefnavanda. Bæði til að aðstoða ungmenni við að komast út úr heimilisleysi og einnig til að koma í veg fyrir að ungmenni í þessari stöðu verði heimilislaus. Húsnæðisþarfir þessa hóps eru oft aðrar en hjá eldri einstaklingum og eru margir innan hópsins ekki komnir á þann stað að flokkast í markhóp langtímabúsetuúrræða eða í þjónustu hjá Vettvangs- og ráðgjafarteymis Reykjavíkurborgar (VoR teymis). Því reynist afar erfitt fyrir ungmenni á þessum stað að komast í félagslegt húsnæði, hvort sem um ræðir almennt félagslegt húsnæði eða sértæk búsetuúrræði. Reynslan úr Frú Ragnheiði hefur sýnt okkur að þau ungmenni (yngri en 26 ára) sem eru með virka umsókn um sértæka búsetu eru nær aldrei tilnefnd í húsnæði sökum aldurs og vegna þess að vandinn þeirra er ekki orðin nógu mikill og flókinn. Það er því nauðsynlegt að hugað verði að félagslegu húsnæði fyrir ungmenni undir 26 ára aldri sem eru með alvarlegan vímuefnavanda.

Formlega skaðaminnkunar úrræði

Rauða krossinn í Reykjavík fagnar því að áhersla verði lögð á öryggi starfsfólks og að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun og endurmenntun með tilliti til þess úrræðis sem það starfar í. Í því samhengi vill Rauði krossinn benda á að núverandi úrræði sem tilheyra málaflokknum hjá Reykjavíkurborg, Gistiskýlið, langtímabústuúrræðin og VoR teymið eru að svo stöddu ekki formleg skaðaminnkunar úrræði heldur úrræði sem leiða til skaðaminnkunar (Velferðarráðuneytið, 2016). Eins og fram kemur í drögum skýrslunar þá var samþykkt á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar þann 28. apríl 2016 “að skaðaminnkandi hugmyndafræði sé höfð til hliðsjónar á öllum starfsstöðvum sviðsins sem þjónustar utangarðsfólk og fíkla, eftir því sem við á”. Rauði krossinn telur nauðsynlegt að úrræðin taki það skref að verða formleg skaðaminnkunar úrræði. Í því felst að greina þá áhættuþætti og sértækan skaða sem tilheyrir skjólstæðinga hópnunum í hverju úrræði fyrir sig. Ásamt því að veita starfsfólki þá þjálfun og endurmenntun sem þarf til þess að geta lágmarkað áhættuna og skaðann sem um ræðir.

Í aðgerð D1-4: Að framkvæma þjónustukönnun á upplifun notenda af þjónustunni. Vill Rauði krossinn leggja fram þá tillögu að þjónustukönnun um ákveðin úrræði fari einnig fram í þjónustu sem tilheyrir ekki þessum ákveðnum úrræðum. Þá væri markmiðið að skoða t.d. hvers vegna heimilisláusir einstaklingar vilja ekki leita í Gistiskýlið eða Konukot og hvað þyrfti til að þeir myndu nýta sér neyðarathvörfin.

Í kaflanum um “úrræði/þjónusta sem leiða til skaðaminnkunar og er fyrir heimilisláusa einstaklinga sem með miklar og flóknar þjónustuþarfir” væri gott að taka fram Frú Ragnheiði.

Heimildaskrá

International HIV/AIDS Alliance, Save the Children, Harm Reduction International, Youth Rise. (Án ártals). Step by step, a tool for harm reduction service providers: preparing for work with children and young people who inject drugs. Sótt 20. maí 2019 af

https://www.hri.global/files/2015/11/06/WEB2_Step_by_step_tool1.pdf

SÁÁ. (2017). Ársrit SÁÁ 2016. Reykjavík: SÁÁ.

Velferðarráðuneytið. (2016). Skýrsla heilbrigðisráðherra um mótun stefnu til að draga úr

skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum og samfélaginu í heild. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.